

Toledo Guiding Principles on Teaching about Religions and Beliefs in Public Schools

Í mars 2007 var haldin í Toledo á Spáni ráðstefna á vegum Organisation for Security and Co-operation in Europe (OSCE) og Office for Democratic Institutions and Human Rights (ODHIR) um trúarbragðafræðslu í opinberum skólum. Að ráðstefnunni lokinni var gefin út bók með ofangreindum titli þar sem ítarlega er fjallað um trúarbragðafræðslu í opinberum skólum og mikilvægi hennar en jafnframt um mikilvægi þess að þannig sé að fræðslunni staðið að mannréttindaákvæði um trúfrelsi séu virt. Hér fara á eftir niðurstöður og tillögur ráðstefnunnar.

Niðurstöður og tillögur

Hægt er að skipuleggja kennslu um trúarbrögð þannig að tekið sé tillit til breytilegra þjóðlegra og staðbundinna skólakerfa og siðvenja. Toledo leiðbeinandi meginreglurnar byggjast á eftirfarandi heildarniðurstöðum sem bæði lögmenn og uppfræðarar eru í stöðugt auknum mæli sammála um og sem öll aðildarríki OSCE ættu að taka tillit til þegar verið er að móta áætlanir um trúarbragðakennslu.

Niðurstöður

1. Þekking á trúarbrögðum getur aukið skilning á mikilvægi þess að virða frelsi allra til að ástunda sín trúarbrögð, að hlúa að lýðræðislegri

þátttöku í samfélaginu, að hvetja til þess að sýna félagslegri fjölbreytni skilning og um leið að efla félagslega samloðun.

2. Sé þekking á trúarbrögðum fyrir hendi getur það dregið úr átökum sem byggjast á skorti á skilningi á trú annarra og stuðlað að virðingu fyrir réttindum þeirra.
3. Þekking á trúarbrögðum er ómissandi hluti hvernar gæðamenntunar. Hún verður að vera til staðar til að skapa skilning á miklum hluta sögu, bókmennta og lista auk þess sem hún stuðlar að aukinni menningarlegri víðsýni og skerpir skilning manna á flóknum þáttum fortíðar og samtíma.
4. Kennsla í trúarbrögðum skilar mestum árangri þegar samtímis er reynt að innræta fólki virðingu fyrir réttindum annarra, jafnvel þótt ósætti ríki um trúarbrögð. Trúfrelsi er algild mannréttindi og í þeim felst skuldbinding um að vernda réttindi annarra, þar með talin virðingu fyrir reisu allra manna.
5. Persónuleg trú (eða trúleysi) einstaklings er ekki fullnægjandi ástæða til þess að útiloka viðkomandi frá því að kenna um trúarbrögð. Í þessu samhengi ber að leggja mesta áherslu á faglega sérþekkingu ásamt grundvallarviðhorfum gagnvart mannréttindum eða skuldbindingu gagnvart þeim almennt séð og nánar tiltekið til frelslis til að ástunda sín trúarbrögð.

6. Það gæti þurft að grípa til sanngjarnrar aðlögunar almennrar stefnumörkunar vegna ákveðinna trúarlegra þarfa til þess að komast hjá því að brjóta gegn trúfrelsi fólks. Þannig aðlaganir og sveigjanleiki stuðlar að því að byggja upp andrúmsloft umburðarlyndis og gagnkvæmrar virðingar, jafnvel þótt þeirra sé ekki krafist að lögum.
7. Það gengur ekki gegn trúfrelsi fólks að skylda það til að taka þátt í námskeiðum um trúarbrögð þegar skyldunámskeiðin eru nægilega hlutlaus og hlutlæg (jafnvel þótt ríkjum sé heimilt að gefa fólki kost á því að hafna þátttöku að hluta til eða öllu leyti við þær aðstæður).

Tillögur

Mælt er með því að þau ríki sem aðild eiga að OSCE:

1. Dreifi Toledo leiðbeinandi meginreglunum til kennara, skólastjórnenda, nemendafélaga, foreldrasamtaka, stefnumótenda á sviði menntamála og allra þeirra sem gætu haft áhuga á kennslu um trúarbrögð, og nýti sér meginreglurnar þegar verið er að móta kennsluhætti eða kenna um þessi málefni.
2. Nýti sér viðeigandi staðla og tillögur alþjóðlegra samtaka þegar verið er að móta áætlanir á þessu sviði eða hrinda þeim í framkvæmd. Þar má meðal annars nefna OSCE-skuldbindingarnar og tillögur nr. 1202 [1993] frá Evrópuþingsráðinu um umburðarlyndi gagnvart trúarbrögðum í lýðræðislegu samfélagi, nr.

1396 [1999] um trúarbrögð og lýðræði og nr. 1720 [2005] um menntun og trúarbrögð.

3. Kanni það námsefni sem notað er í opinberum skólum og varðar kennslu í trúarbrögðum með það að markmiði að gera sér grein fyrir því hvort námsefnið hvetji til virðingar fyrir frelsi til trúariðkunar og hvort það sé hlutlaust, í jafnvægi, nái til allra, sé viðeigandi miðað við aldur, laust við hlutdrægni og uppfylli faglegar kröfur.
4. Meti hvernig námsefni til kennslu um trúarbrögð er þróað og samið til þess að tryggja að þar sé tekið fullt tillit til þarfa hinna ýmsu trúarbragða og trúsamfélaga og að allir hlutaðeigandi hagsmunaaðilar fái tækifæri til þess að leggja fram skoðun sína.
5. Kanni að hvaða marki starfandi kennaraskólar og -háskólar geti veitt þá fagmannlegu þjálfun sem krafist er við kennslu um trúarbrögð þannig að hún stuðli að virðingu fyrir mannréttindum og þó einkum frelsi til trúariðkunar.
6. Geri sér grein fyrir því að hvaða marki kennaraskólar og -háskólar veita fullnægjandi fræðslu um mannréttindamál, stuðla að skilningi á mikilli fjölbreytni skoðana trúaðra og trúlausra í samfélaginu, hafa vald á hinum fjölbreytilegu kennsluaðferðum (með sérstakri áherslu á þær sem byggjast á fjölmenningslegri nálgun) og búa yfir víðtækum skilningi á leiðum til þess að kenna um trúarbrögð af fullri virðingu, hlutleysi og á fagmannlegan hátt.

7. Stuðli að samskiptum og gagnamiðlun með það að markmiði að fá rithöfunda, ritstjóra og útgefendur kennslubóka um trúarbrögð til þess að sýna Toledo leiðbeinandi meginreglunum ýtrustu virðingu.
8. Nýti sér sérfræðipækkingu OSCE/ODIHR ráðgjafanefndar um trúfrelsi þegar námsefni er mótað eða tekið í notkun við kennslu um trúarbrögð eða þegar verið er að stofna til eða meta kennaraskóla, kennaraháskóla og starfsáætlanir.

Nú verður, á grundvelli endanlegra niðurstaðna og tillagna, gerð grein fyrir helstu leiðbeinandi meginreglunum sem skilgreindar hafa verið og lagðar fram fyrir aðildarríki OSCE til þess að hvetja til kennslu um trúarbrögð í skólum:

Helstu leiðbeinandi meginreglur

Alltaf þegar kennsla fer fram um trúarbrögð í opinberum skólum á vegum aðildarríkja OSCE þarf að hafa eftirfarandi leiðbeinandi meginreglur í huga:

1. Fræðslu um trúarbrögð þarf að vera þannig háttað að kennslan sé sanngjörn, nákvæm og byggð á áreiðanlegri fræðimennsku. Nemendur ættu að læra um trúarbrögð í umhverfi þar sem mannréttindum, grundvallarfrelsi og borgaralegum gildum er sýnd full virðing.
2. Þeir sem fræða um trúarbrögð ættu að sýna trúfrelsi fulla hollustu þannig að það komi fram innan veggja

skólans og að vinna þannig að það stuðli að því að vernda réttindi annarra í gagnkvæmri virðingu og við skilning þeirra sem í skólasamfélaginu eru.

3. Það er mikill ábyrgðarhluti skóla að kenna um trúarbrögð en kennsluáðferðirnar mega hvorki líta fram hjá né vinna gegn því hlutverki fjölskyldunnar og trúarsamtaka og safnaða að miðla gildum til komandi kynslóða.
4. Leggja ber áherslu á það að stofna til ráðgjafahópa á hinum ýmsu stigum sem taka tillit til allra þegar leitað er til hagsmunaaðila af ýmsu tagi við undirbúning og gerð námsefnis og námsáætlana og við þjálfun kennara.
5. Ef ekki hefur verið gætt nægjanlegs hlutleysis við gerð skyldunámsáætlunar um kennslu um trúarbrögð ber að kappkosta að endurskoða hana til að bæta jafnvægi hennar og hlutleysi. Sé það ekki mögulegt eða sé ekki hægt að gera það umsvifalaust, gæti það orðið fullnægjandi lausn fyrir foreldra og nemendur að velja þann kost að hafna fræðslunni, að því gefnu að sá kostur sé skipulagur af skilningi og án mismununar.
6. Þeir sem kenna um trúarbrögð ættu að hafa fullnægjandi menntun til þess starfa. Þessir kennarar verða að hafa tileinkað sér þekkingu, viðhorf og færni til þess að kenna um trúarbrögð á sanngjarnan og yfirvegaðan hátt. Kennurum dugar ekki þekking á námsefninu heldur verða þeir að búa yfir kennslufræðilegri færni til þess að geta átt gagnkvæm samskipti við nemendur og auðvelda þeim

gagnkvæm samskipti innbyrðis af skilningi og með virðingu.

7. Þegar verið er að undirbúa og setja saman námsefni og námskrár, kennslubækur og fræðsluefni til kennslu um trúarbrögð ætti að taka fullt tillit til sjónarmiða bæði trúaðra og trúlausra og sýna þeim sanngirni og virðingu. Forðast ber ónákvæmt og fordómafullt efni, einkum ef það styrkir við neikvæðar staðalímyndir.
8. Móta ber námsefni og námskrár í samræmi við viðurkennda faglega staðla til þess að tryggja jafnvægi við kennslu um trúarbrögð. Þróun og gerð námsefnis og námskrár ætti einnig að fela í sér opin og sanngjörn ferli sem gefa öllum áhugamönnum fullnægjandi tækifæri til þess að leggja fram athugasemdir og veita ráðgjöf.
9. Gæðanámsefni og -námskrár um kennslu um trúarbrögð hafa því aðeins jákvæð áhrif í þá átt sem Toledo leiðbeinandi meginreglurnar stefna að, að kennarar öðlist faglega þjálfun í að nota efnið og fái frekari tækifæri til þess að bæta við þekkingu sína og færni á þessu sviði. Móta ber alla grunnfræðslu kennara og þróa hana áfram í samræmi við meginreglur lýðræðis og mannréttinda, auk þess að fela í sér skilning á menningarlegri og trúarlegri fjölbreytni í samfélaginu.
10. Í námsefni til kennslu um trúmál þarf að leggja áherslu á helstu þætti í þróun trúar og trúarkenningar, jafnt í sögulegu samhengi sem í ljósi samtímans, og hvernig þeir endurspeglar bæði

hnattræn og staðbundin málefni. Þar ber að taka fullt tillit til þess hvernig bæði trúarleg og veraldleg fjölbreytni kemur fram í skólum og samfélögum þeirra á hverjum stað. Sé þannig tillit sýnt auðveldar það umfjöllun um málefni nemenda, foreldra og annarra sem hagsmuna eiga að gæta á sviði menntunar og fræðslu.